

Ed.

611. Frumvarp til laga

[382. mál]

um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Heiti hlutafélagsins verði: Sementsverksmiðjan h.f. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

- a) Að leggja Sementsverksmiðju ríkisins, þ. e. verksmiðjuna sjálfa ásamt öllu fylgifé hennar, til hins nýja félags.
- b) Að láta fara fram nákvæmt mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins til viðmiðunar við ákvörðun um heildarhlutafjárhæð í hinu nýja hlutafélagi.
- c) Að ákveða fjárhæð hlutabréfa með það í huga að almennigur geti keypt hlut í félaginu.
- d) Að selja allt að 20% af hlutafjáreign ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni á almennum markaði, á því verði sem ákveðst skv. b- og c-lið hér að framan. Skulu öll hlutabréf sem seld verða vera skráð á nafn. Til frekari sölu á hlutafjáreign ríkissjóðs þarf samþykki Alþingis.

2. gr.

Hlutverk félagsins skal vera að framleiða, dreifa og selja sement fyrir innlandan og erlendan markað. Enn fremur annast félagið námarekstur til að afla hráefna til framleiðslunnar.

Heimilt er félaginu að annast rannsóknir, þróunarverkefni og efnavinnslu, svo og skylda starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum er sett verða í samþykktum félagsins.

3. gr.

Fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa rétt til endurráðningar hjá hinu nýja hlutafélagi og skulu þeim boðnar sambærilegar stöður og þeir áður gegndu hjá ríkisfyrirtækinu. Þeir starfsmenn, sem notið hafa réttinda lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hefja störf hjá hinu nýja hlutafélagi eftir gildistöku laga þessara, skulu áfram eiga rétt á aðild að lífeyrissjóðnum.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins og 3. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

Lög þessi koma í stað stofnsamnings skv. II. kafla hlutafélagalaga. Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda innan 8 mánaða frá gildistöku laganna og skal leggja drög að samþykktum fyrir félagið fram á stofnfundinum.

Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag, og fer iðnaðarráðherra með eignarhlut ríkisins í félaginu.

5. gr.

Í stað aðstöðugjalds á atvinnurekstur félagsins skv. lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, skal félagið greiða landsútsvar er nemi 1% af aðstöðugjaldsstofni.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 35/1948, um Sementsverksmiðju.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 35/1948 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til þess að koma hér á landi upp verksmiðju til vinnslu sements. Á grundvelli þessara laga var síðan reist sementsverksmiðja á Akranesi, sem rekin hefur verið frá árinu 1958 sem sérstakt ríkisfyrirtæki undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Sementsverksmiðjan hefur að mestu verið byggð fyrir lánsfé. Beint framlag eigandans, ríkisins, var nær ekkert en ábyrgðir voru látnar í té í fyrstu. Ljóst er að sú eignamyndun, sem orðið hefur í fyrirtækinu, hefur skapast við fremur hátt verðlag á framleiðslunni, því auk framleiðslukostnaðar varð verðið á sementi að standa undir afborgunum og vöxtum af byggingarlánnum. Fleira kemur hér einnig til, einkum rýrnun lánsfjár fyrir verðbólgu, a. m. k. að því er varðar innlend fjárfestingarlán. Það fer ekki milli mála að það hefur frá öndverðu þýngt fyrirtækinu að eigandi þess lagði því ekki til fé að neinu ráði.

Er þess að vænta að innborgað hlutafé hefði talsverðu getað breytt um stöðu fyrirtækisins, þar á meðal gert kleift að selja framleiðsluna á lægra verði og þannig hefði verksmiðjan orðið enn þýðingarmeiri lyftistöng við nýbyggingarframkvæmdir þjóðarinnar.

Enn er þetta fyrirtæki í uppbyggingu eftir að hafa starfað rúman aldarfjórðung. Skuldir þess eru miklar og er ljóst að æskilegt er að grynna á þeim og greiða niður þungbær lán. Ein leið til þess er að mynda hlutafélag um verksmiðjuna og selja á almennum markaði hlutabréf í henni. Yrði þá framlag ríkisins til hins nýja félags öll eign þess í Sementsverksmiðju ríkisins og fylgifé hennar, flutningatækjum og afgreiðslustöðvum.

Með frumvarpi þessu, sem að stofni til er samið af Ásgeiri Péturssyni, bæjarfógeta, Björgvini Sigurðssyni hrl. og Eiríki Tómassyni hrl., er lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur sementsverksmiðjunnar. Telja verður rökrétt og edlilegt að velja hlutafélagiformið um atvinnurekstur á vegum ríkisins. Hlutafélagiformið er bæði viðurkennt og vel þekkt félagiform, sem löggjafinn hefur sett ítarlegar reglur um. Í þeirri löggjöf eru nákvæmar reglur um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Í hlutafélagalögum er ákvæði, er vernda rétt minni hluta eigenda. Þar sem ríkið býður öðrum samstarf er því alveg sérstaklega viðeigandi að nota hlutafélagiformið. Þá eru einnig, af stjórnunarlegum ástæðum, sterk rök til að gera öll ríkisfyrirtækin að hlutafélögum. Kosturinn við þetta er enn fremur sá að félaginu er settur sami almenni starfsrammi og flestum atvinnufyrirtækjum í landinu, þ. e. rammi hlutafélagalaga. Sá starfsrammi er sveigjanlegri en hreinn ríkisrekstur og á því að geta stuðlað að bættri stjórnun fyrirtækisins.

Ljóst er að með því að stofna hlutafélag um sementsverksmiðjuna yrði aðilum, sem áhuga hafa á hagkvæmum rekstri þessa fyrirtækis, veittur kostur á því að leggja því lið, bæði með ráðum, víðtækri reynslu, fjármagni og markaðsstöðu. Mætti hugsa sér að meðal þeirra sem hug hefðu á þátttöku í slíkri félagsstofnun væru starfsmenn fyrirtækisins, sveitarfélög, byggingarfélög, steypuframleiðendur og aðrir framleiðendur, sem háðir eru sementsnotkun. En þá er ótalið að edlilega gæti hinn almenni borgari óskað þess að leggja fé til starfseminnar og er það þýðingarmikið stefnumál að opna þannig atvinnurekstur landsmanna fyrir framlögum almennings og framtaki.

Þá er ljóst að með slíkri formbreytingu fengi stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækisins aukið aðhald og reyndar æskilegan vettvang til þess að gera grein fyrir gerðum sínum á aðalfundum og hluthafafundum, þar sem gagnrýni, tillögur og nýmæli um bætt starfshætti gætu komið fram. Slíkir starfshættir auka yfirsýn, veita upplýsingar og tryggja öruggari stjórn á málum verksmiðjunnar. Þeir efla og kynni með hinum ýmsu þáttum framleiðslu- og byggingaraðila í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni gert að stofna hlutafélag um sementsverksmiðjuna. Er þá jafnframt gert ráð fyrir því að ríkissjóður eigi stærstan hluta í hinu nýja félagi eða a. m. k. 80% hlutafjárins. Það er bundið samþykki Alþingis að selja hlutabréf umfram þann fimmtung, sem ráð er fyrir gert í greininni.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skýrgreina í lögnum tilgang og hlutverk hlutafélagsins í samræmi við þær horfur, sem eru á starfsemi þess í framtíðinni.

Ljóst er að aðalverkefni fyrirtækisins er að framleiða sement. En vissulega er og verður nauðsynlegt að verksmiðjan annist flutninga á framleiðslu sinni, einkum ósekkjuðu sementi. Þá þykir rétt að hafa í lögnum heimild fyrir verksmiðjuna til þess að afla sér hráefna til framleiðslunnar. Námarekstur fer nú fram á vegum verksmiðjunnar, þar sem er líparít-náman í Hvalfirði. Heimild til efnavinnslu tengdrar sementsframleiðslunni mundi t. d. ná yfir framleiðslu annarra efna en sements úr hráefnum verksmiðjunnar. Auk þess kæmi til álita að framleiða önnur efni eða vörur úr öðrum efnum, sem tengjast sementsnotkun. Óhjákvæmilegt er að hafa heimild til þess, að á vegum verksmiðjunnar séu stundaðar rannsóknir, sem tengjast verksmiðjurekstrinum, bæði í því skyni að bæta gæði framleiðslunnar og auka hana. Ekki er sú heimild á neinn hátt því til fyrirstöðu að verksmiðjan geti falið öðrum slíkar rannsóknir, svo sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eða öðrum sambærilegum stofnunum.

Um 3. gr.

Rétt þykir að tryggja rétt núverandi starfsmanna ríkisfyrirtækisins til endurráðningar hjá hlutafélaginu. Í greininni er lagt til að við endurráðninguna verði fastráðnum starfsmönnum boðin sambærileg staða hjá hlutafélaginu, þ. e. á vegum ríkisins, og því myndist ekki réttur til að krefjast biðlauna skv. 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Margir núverandi starfsmenn hafa notið réttinda lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og má vænta þess að þeir starfi áfram við fyrirtækið. Ekki sýnist rétt að þeir missi réttindi sín hjá lífeyrissjóðnum við þá formbreytingu, sem hér er stefnt að. Því er þeim áskilinn áframhaldandi réttur á aðild að lífeyrissjóðnum.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt er að veita hér undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa í félaginu, því í upphafi er gert ráð fyrir að ríkissjóður verði einn eigandi að hlutabréfum í félaginu. Af þessu leiðir og að eðlilegt er að láta lög þessi koma í stað stofnsamninga skv. hlutafélagalögum.

Pegar hlutafélag hefur verið stofnað um sementsverksmiðjuna taka lög um hlutafélög, nr. 32/1978, sjálfkrafa gildi um félagið. Gilda þau að öllu leyti um fyrirtækið utan þess, sem með öðrum hætti er skipað í þessum lögum.

Um 5. gr.

Fyrirtækið greiðir nú landsútsvar. Með tilliti til eðlis starfseminnar þykir rétt að félagið greiði áfram landsútsvar í stað aðstöðugjalds og er lagt til að það verði 1% af aðstöðugjaldsstofni. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að Sementsverksmiðjan greiði skatta og opinber gjöld með sama hætti og annar atvinnurekstur í landinu.

Um 6. gr.

Parfnast ekki skýringar.